

Afgreiðslufundur

Ár 2024 þriðjudaginn 30. júlí, kl. 09:00 var haldinn 1786. afgreiðslufundur Heilbrigðiseftirlits Reykjavíkur. Fundinn sátu Guðjón Ingi Eggertsson, Jón Ragnar Gunnarsson og Óskar Ísfeld Sigurðsson sem einnig ritaði fundargerð.

- Á afgreiðslufundi Heilbrigðiseftirlits Reykjavíkur í dag var starfsleyfi Rollsins ehf., kt. 560920-0670, dags. 27. febrúar 2024 fyrir veitingastað; krá (Skor) að Geirsgötu 2, F2301297 og 2363592, tekið til endurskoðunar í kjölfar úrskurðar Úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála nr. 57/2024 sem fellir úr gildi ákvörðun Heilbrigðiseftirlits Reykjavíkur um að heimila opnunartíma staðarins til kl. 23:00 sunnudaga til fimmtudaga og til klukkan 01:00 aðfaranætur laugardaga, sunnudaga og aðfaranætur frídaga.

Samþykkt að gefa út endurskoðað starfsleyfi þar sem opnunartími staðarins er takmarkaður við kl. 22:00 sunnudaga til fimmtudaga og til klukkan 23:00 aðfaranætur laugardaga, sunnudaga og aðfaranætur frídaga sbr. *Sértæk starfsleyfisskilyrði Heilbrigðiseftirlits Reykjavíkur fyrir Skor að Geirsgötu 2, dags. 26. júlí 2024 ásamt Starfsleyfisskilyrðum heilbrigðisnefndar Reykjavíkur fyrir samkomustaði*. Skilyrt er að rekstraraðili geri allt sem í hans valdi stendur til að koma í veg fyrir ónæði, sbr. ákvæði reglugerðar nr. 724/2008 um hávaða og reglugerðar nr. 941/2002 um hollustuhætti (nú reglugerð nr. 903/2024).

Fundi slitið kl. 09:30

Óskar Ísfeld Sigurðsson

Jón Ragnar Gunnarsson

Guðjón Ingi Eggertsson